

Í gærkvöldi hætti ég sem formaður Þróttar og þar flutti ég nokkuð langa ræðu þar sem ég gerði upp undanfarin sex ár.

Hér er úrdráttur úr því helsta sem kom fram í máli mínu.

Þar sem þetta er mín síðasta ræða sem formaður í félaginu langar mig að nota tækifærið til að fara yfir það helsta sem fráfaramandi aðalstjórn hefur haft í forgangi frá því við tókum við.

Ég nefndi það í ræðu á aðalfundinum 2015 þegar ég tók við sem formaður aðalstjórnar að forgangsverkefni nýrrar stjórnar yrðu aðstöðumál félagsins og þannig hefur það verið frá fyrsta degi. Í aðdraganda fundarins í dag horfði ég til baka og fór yfir það hvernig okkar hefur tekist til og verð að segja að ég er nokkuð stoltur af því hve mikið hefur áunnist. Það er þannig að við eigum ekki mannvirkin eða vellina og erum því alltaf háð eigandanum sem er Reykjavíkurborg varðandi framkvæmdur, úrbætur og viðhald. Fundirnir með embættismönnum borgarinnar eru ótrúlega margir svo ekki sé talað um alla vinnuhópana og skýrslurnar. Fyrstu árin var allt unnið í algjörum mótvind en með mikilli þrautsegju og dugnaði tókst okkur að ná okkar boðskap í gegn og fá skilning á okkar aðstöðuleysi. Við höfum svo verið að uppskera á síðustu mánuðum með samkomulagi við Reykjavíkurborg um framtíðaraðstöðu félagsins bæði með nýjum knattspyrnuvöllum og svo undirbúningi á nýrri inniaðstöðu.

Mig langar því til að rifja aðeins upp það helsta sem við komum í framkvæmd og líka minna okkur á hvernig aðstaðan var.

- Nýtt gervigras á aðalvöll
- Ný stúka við aðalvöll
- Ný lýsing á aðalvöll
- Nýtt hljóðkerfi á aðalvöll
- Nýtt hljóðkerfi í hátíðarsalinn
- Nýtt svið keypt í hátíðarsalinn
- Keypt var nýtt fjórhjól til að þjónusta vallarsvæðin.
- Miklar breytingar á Valbjarnarsvæði með niðurrifi gamalla mannvirkja, stúku og um leið stækkun á æfingasvæði.
- Tjaldið stóra hér við aðalvöllinn. Sérgerð fyrir okkur, mikil vinna við undirlag og hellulögn, keyptun inn stóla og bekki. Sennilega besta aðstaða allra liða á landinu til að byggja upp stemningu fyrir leiki.
- Nýtt þvottahús í kjallara með nýjum iðnaðarvélum.
- Keypt og sett upp fullkomið öryggis og myndavélakerfi inn í húsið og fyrir utan.

Til útskýringa eru hér með nokkrar myndir sem sýna ástandi eins og það var og það sem gert hefur verið sl ár.

Það eru samt auðvitað þannig að viðhalda þarf svæðinu verulega á hverju ári, girðingar og staurar gefa sig, hlið gefa sig o.s.frv. Viðhald er því stöðugt og mikilvægt að ganga á eftir því að það sé gert.

Það hefur lengi verið markmiðið að minnka skuldir félagsins og hefur ýmislegt áunnist í því. Aðalstjórn hefur stutt vel við deildir og tekið yfir hluta skulda þeirra auk beinna framlaga til

deildanna. Á þessu ári hefur gengið vel að lækka skuldirnar félagsins og ef áætlanir ganga eftir ætti félagið að vera skuldfrjálgt þegar líður á næsta ár

Mig langar að rifja upp 70 ára afmælisárið okkar. Þá skipuðum við í aðalstjórn Sögu og minjanefnd sem hefur unnið mjög gott starf í að taka utan um söguna okkar. Búið er að flokka mikið af myndum og alls konar efni tengdu félaginu, en mikið hafði verið í kössum áratugum saman. Í þessari vinnu felast mikil verðmæti fyrir félagið. Vinnunni er ekki lokið og áfram verður haldið við að safna saman og flokka. Á afmælisárinu var svo haldin var glæsileg sögu og minjasýning sem var sett upp hér í hátíðarsalnum. Sýningin heppnaðist sérlega vel og var félaginu til mikils sóma.

En við gerðum margt fleira á afmælisárinu. Vorhátíðin Laugarnes á ljúfum nótum var tengd afmæli félagsins og var boðið upp á afmælsköku hér í félagsheimilinu. Við framleiddum ýmsan afmælisvarning sem merktur er sérstakri útgáfu af upphaflega félagsmerkinu sem við létum endurgera. Við gáfum út glæsilegt afmælisblað sem dreift var inn á öll heimili í hverfinu. Í hverri viku var kynntur þróttari vikunnar á heimasíðunni okkar. Glæsileg og vel heppnuð afmælishátíð var haldin í Laugardalshöllinni. Heimildarmyndin „Lifi Þróttur“ sem segir sögu félagsins var svo frumsýnd um haustið ásamt fleiru.

Mig langar að nefna ReyCup knattspyrnuhátíðina okkar sem verður 20 ára á þessu ári. Það hefur verið einstakt að fá að starfa með því öflugra fólki sem hefur leitt stjórn ReyCup síðustu ár. Stjórnin vinnur allt árið og að baki hverju móti er gríðarleg undirbúningsvinna sem hefst strax í ágúst ár hvert. Núna í ár er þegar uppselt á mótið og er það fjórða árið í röð. Ég hvet því nýja stórn til að fara mjög varlega í breytingar á ReyCup, það eru margir sem hafa lagt svo mikið á sig til að koma mótinu á þann stað sem það er á í dag.

Mig langar að nefna hér tvo ólíka hópa sem báðir hafa stutt ótrúlega vel við félagið undanfarin ár, bæði með vinnuframlagi og gjöfum. Þetta er annars vegar HM hópurinn, sem heldur „lambalæri að hætti mömmu“ reglulega í félaginu og hefur það að markmiði að styrkja góð málefni innan Þróttar. Og hins vegar Old Boys félagar í Þrótti sem hafa verið ótrúlega fórnfúsir og duglegir fyrir félagið með vinnu og framlagi. Báðir þessir hópar eru félaginu ótrúlega dýrmætir og færi ég þeim mínar bestu þakkir fyrir frábært framlag síðustu ár.

Árið í ár og síðasta ár hefur verið öllum íþróttafélögum á Íslandi mjög erfitt vegna Covid 9. Æfingar hafa fallið niður, keppnisleikjum aflýst, úrslitakeppnum var aflýst, Íslandsmótum var hætt o.s.frv. Veiran hefur víðtæk áhrif á allt starfið og umhverfi þess auk þess sem tekjur hafa dregist saman. Til að mæta tekjutapinu þurftum við að fara í sársaukafullar aðgerðir og segja upp starfsfólki sem sumt hafði unnið lengi hjá félaginu. Þetta hefur að sjálfsögðu allt haft áhrif á starfið og þjónustuna.

Nú langar mig að færa okkur aðeins inn í núíð og segja ykkur aðeins frá stöðunni varðandi aðstöðumálin. Hér frammi á gangi hanga uppi teikningar af framtíðinni eins og við sáum hana fyrir okkur 2019, þá gerðum við ráð fyrir að uppbyggingu yrði lokið 2024 – það er allt á ágætri leið hjá okkur. Ég hafði þó væntingar um að þessi mál væru aðeins lengra komin, en áður nefnt Covid hafði m.a. áhrif á að þetta hefur tekið lengri tíma. Ég hef áður sagt frá því að borgarráð hefur samþykkt að byggðir verði tveir fullbúnir gervigrasvellir ásamt stóru

Þjónustuhúsi á Valbjarnarsvæðinu, eða Fögruvöllum eins og svæðið hefur líka verið nefnt. Vellirnir verða upplýstir og upphitaðir. Þjónustuhúsið mun hýsa starfsemi sem tilheyrir svæðinu, snyrtingar, klefa, geymsluaðstöðu o.fl. Hönnun á húsinu er ekki hafin en það getur orðið allt að 200 fm að stærð. Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið fer í auglýsingu í næstu viku. Einnig verður aðalvöllurinn endurgerður og skipt um hitakerfi og gras auk þess sem sett verður vökvunarkerfi í völlinn. Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við þessar framkvæmdir verði allt að 800 milljónir króna. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í ágúst og ljúki næsta vor. Þegar framkvæmdum líkur næsta vor vill ég leyfa mér að segja að félagið búið við frábærar aðstæður til knattspyrnuíðkunnar, eina þá bestu á landinu.

Varðandi nýtt íþróttahús á vinnuhópurinn, sem líka hafði með vellina að gera, að skila af sér niðurstöðu eigi síðar en 1. desember nk. Það er verið að vinna með nokkrar sviðsmyndir á útfærslu sem ganga út á nýtingu á núverandi húsi og það hvort að Safnfrístund skólanna í hverfinu verði staðsett hjá okkur. Samhliða er verið að vinna nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingarreit á bílastæðinu, gerð þess mun því ekki tefja uppbyggingu á nýju húsi.

Nú í vor óskaði Reykjavíkurborg eftir því að Þróttur, ásamt fjórum öðrum félögum, kynntum hugmyndir varðandi íþróttastarf í nýrri Voga og Höfðabyggð. Þessi byggð mun á endanum verða um 17 þúsund manns þegar allt er fullbyggt. Við áttuðum okkur strax á því að við ættum litla möguleika á að fá að þjónusta þetta svæði ein og sér og ákvað því aðalstjórnin að fara í sameiginlega kynningu með Ármanni. Grunnhugmyndin væri þá sú að boðið yrði áfram upp á allar greinar félaganna, eins og gert er í Laugardalnum, í hinu nýja hverfi. Jafnframt yrði Ármann með höfuðstöðvar þar á nýju svæði. Þróttur fengi aðstöðu og nýjan gervigrasvöll auk þess sem við teljum nauðsynlegt að þar verði byggt hálf knatthús fyrir félagið. Þetta er dálítið inn í framtíðina og í dag höfum við ekki upplýsingar um hvenær ákvörðun og frekari umræða fer fram.

Eins og þið vitið mun ég nú stíga til hliðar sem formaður félagsins eftir að hafa verið í ábyrgðarstöðum í félaginu í um 18 ár, lengst sem formaður knattspyrnudeildar og svo aðalstjórnar í um 12 ár alls. Tímamunkturinn er góður, vallarmálin í höfn og bara spurning um útfærslu varðandi nýtt íþróttahús fyrir félagið. Þróttur er á góðum stað, félagið hefur stækkað gríðarlega síðustu ár og fram undan er mesti uppbyggingartími í sögu félagsins.

Ég hef átt yndislegan tíma með félaginu og starfað með frábæru fólki. Það hefur verið sannur heiður að vinna með ykkur öll þessi ár. Að lokum langar mig sérstaklega að þakka öllum þeim sem hafa starfað með mér í stjórnnum, starfsfólki og ekki síst þeim fjölmörgun sjálfboðaliðum sem eru boðin og búin til að hjálpa félaginu hvenær sem er. Það eruð þið sem gerið félagið að skemmtilegasta félagi landsins

Um leið og ég lík máli mínu óska ég nýjum formanni félagsins, Bjarnólfi Lárussyni, og stórn hans alls hins besta.